

Fimmtudaginn 31. október 1991.

Nr. 129/1989. **Íslandsbanki hf. og**
Guðmundur Jónsson hdl.
f.h. M. Flues Gmbh. & Co.
 gegn

Þóru K. Sigurðardóttur,
uppbóðshaldaranum í Hafnarfirði,
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs,
bæjarstjóranum í Hafnarfirði
f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar,
Róbert Árna Hreiðarssyni hdl. og
Byggingarsjóði verkamanna.

Nauðungaruppbóð. Frávísun frá Hæstarétti. Aðild. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með tveimur stefnum hinn 10. apríl 1989. Þeir gera báðir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hnekkt og breytt á þann veg, að þriðja og síðasta nauðungaruppbóð á fasteigninni Hammabraut 10 í Hafnarfirði, þriðju hæð til hægri, þinglesinni eign Þóru K. Sigurðardóttur, skuli fara fram. Þá krefjast áfrýjendur sameiginlega málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu er ekki sótt þing og engar kröfur gerðar, og er mál þetta skriflega flutt, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 verður málið dæmt í Hæstarétti eftir fram komnum kröfum og skilríkjum og með tilliti til þess, hvernig áfrýjendur hafa lagt málið fyrir, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi Íslandsbanki hf. gerir þá grein fyrir aðild sinni, að á hluthafafundi í Útvegsbanka Íslands hf. hinn 1. ágúst 1989 hafi verið ákveðið að breyta nafni félagsins þannig, að frá 1. janúar 1990 heiti það Íslandsbanki hf., og komi það nafn í stað hins fyrra nafns í málinu.

Samkvæmt 3. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð eru meðal aðila uppboðs veðhafar og þeir aðrir, sem tjá sig eiga réttindi í söluverðmætum og koma fram fyrir uppboðshaldara í því skyni. Ráða má af því veðbókarvottorði, sem fram var lagt í uppboðsrétti Hafnarfjarðar 14. mars 1989, og öðrum gögnum málsins, að eigi hafi verið stefnt til varna í Hæstarétti Flugleiðum hf. sem fimmta veðréttarhafa, Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem sjötta veðréttarhafa, en afturköllun á uppboðsbeiðni hennar var lögð fram 14. mars 1989, og Þórði Kristjánssyni sem sjöunda veðréttarhafa samkvæmt fjárnámi frá 6. febrúar 1989. Auk þess virðist hinn síðastnefndi ekki hafa fengið tilkynningu um fyrirhugaða þriðju sölu umræddrar fasteignar, svo sem þó var skylt samkvæmt 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949, sbr. lög nr. 12/1987.

Með hliðsjón af framansögðu ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður uppboðsréttar Hafnarfjarðar 14. mars 1989.

Þar sem fyrir liggur, að uppboðspoli, Þóra Kolbrún Sigurðardóttir, var lögð inn á geðdeild Landspítalans 10. mars 1989 og hafði verið veik alllengi fyrir þann tíma, sbr. rskj. nr. 49, og ljóst er af þessu, að hún er ekki og hefur ekki um sinn verið fær um að sinna fjármálum sínum og gæta hagsmuna sinna vegna beiðna um nauðungaruppboð á eign sinni, er það álit uppboðsréttarins, að rétt sé að fella niður umbeðið uppboð. Rétturinn telur, að við þær aðstæður, sem uppboðspoli býr nú við, væri uppboðið andstætt almennri réttarvitund og því til þess fallið að rýra virðingu almennings fyrir dómstólunum.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er kröfu um þriðja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Hvammabraut 10, 3. hæð til hægri, þinglýstri eign Þóru K. Sigurðardóttur.